

**Byggingarlýsing:**

Húsið er staðsett á afgirtri lóð Geymslusvæðis ehf. við Kapelluhraun í Hafnarfirði. Byggingunni sem er 1060,7m<sup>2</sup> að grunnfleti er ætlað að þjóna sem bifreiðaverkstæði og geymsluhúsnæði. Í húsinu er staðsett vaktstöð fyrir allt svæðið með vaktmanni 24 tíma á sólarhring.

Aðalburðarvirki hússins er stálgrind þ.e lóðréttar stálstoðir í veggjum og stálbitar í þaki. Undirstöður og gólf eru steinsteypt. Burðarvirki úr stáli er gert R60 með viðurkenndri eldvarnarmálningu. Útveggir eru gerðir úr 80mm samlokueiningum og þak úr 80mm samlokueiningum er festast í stálbaleiðara. Samlokueiningarnar eru klæddar beggja vegna með 0,6mm stálplötum og einangraðar með harðpressaðri steinull. Litur á þakeiningum er ljósgrár og veggir eru beinhvítir. Innveggir eru klæddir með plötum í flokki 1 að undanskilydum milliveggjum á milli brunahólfa. Einangrun undir gólf í sal er 25mm frauðplast. 50mm frauðplasteinangrun komi innan á sókkla. Milliveggur milli brunahólfa í línu 3, er gerður úr 120mm samlokueining með harðpressaðri steinull. Milliveggur milli brunahólfa í línu 2, er gerður úr 95 mm timburgrind með þéttull og 2 x 2 13 mm gífsplötum. Einangrunargildi útveggja og þaks er 0,4 w/m<sup>2</sup> C. Gluggar og inngangshurð eru úr hvítu plasti en innkeyrsluhurðir eru hvítar að lit (léttar stálhurðir hand- og rafmagnsopnanlegar). Gler er tvöfalt einangrunargler (K gler.) max. 2,0w/m<sup>2</sup> C. Í salinn komi gólfniðurföll (GN) Loftræsing salar er um glugga. Neysluvatnslagnir eru PEX rör í ídráttarhólkum (ísteyptr rör í rör kerfi), en stálror eru lögð að brunaslöngum. Upphitun er gerð með gólfhita (ísteyptr plaströr í gólf). að auki er gert ráð fyrir tengimöguleyka fyrir aukinni upphitun með vatnsblásurum. Mengunarvörnum verður komið fyrir í samráði við Heilbrigðisvirkvöld. Byggingareiningar/byggingarvörur skulu vera vottaðar samkvæmt byggingarreglugerð.

**Brunavarnir:**

Húsið er notkunarflokkur 1, samkvæmt byggingareglugerð, alls 1060,7 m<sup>2</sup> að grunnfleti og skipt upp í 4 brunahólf. Allir innveggir sem eru REI60 eru gerðir úr burðarstáli, fylltir með steinull (þéttull) sem festist upp skv. reglum þar um. Veggir klæðist með tvöfaldr 12mm klæðningu í flokki 1. Veggur efr hæðar er EI60, gerður úr 48X98mm timburstöðum. Veggurinn skal fylltur steinull (þéttull) er virist föst skv. reglum þar um. veggurinn klæðist beggja vegna með 12mm plötum í fl. 1. Loft yfir rými 4a er REI60 (steyptr plata) en í 4b er loft (REI60) gert úr timbri og klætt að neðan með 12mm plötum í fl. 1. Loft er einangrað með 150mm steinull (þéttull) er virist upp skv. reglum þar um. Loftið er klætt að ofan með 22mm spónaplötum. Húsið er eingöngu ætlað sem geymsluhúsnæði og er öll þjónusta við þá starfsemi gerð frá vaktherbergi staðsettu í húsinu.

**Brunaálag:**

Ekki er reiknað með stöflunarekkjum og eru eldvarnir hugsaðar út frá því að ekki sé meiri eldsmatur í húsinu en 400 MJ/m<sup>2</sup>. Ef starfsemi breytist og þar með brunaálag þá skal leggja inn nýjar teikningar til samþykktar.

**Milliveggur:**

Veggir milli brunahólfa eru REI60 með við eigandi ráð stafanir við vegg og loft, sjá A.

**Burðarvirki:**

Burðarvirki er úr stáli og er gert R60 með viðurkenndri eldvarnarmálningu.

**Reyklosun:**

Reyklosun er um vöruhúðir og glugga.

**Klæðningar:**

Klæðningar útveggja og þaks eru einangraðar með steinull og klæddar stálklæðningum beggja vegna (sjá nánar byggingarlýsingu) og uppfylla þær kröfur um flokk 1 B-s1, d0 skv. ÍST EN 13501. Þakklæðningar skulu uppfylla flokk T skv. Byggingareglugerð (B roof) (t2) skv. ÍST EN 13501-1).

**Flóttaleiðir:**

Útgangshurðir eru 2 úr öllum brunahólfum. Hvergi er flóttaleið lengri en 30m.

**Út og neyðarlýsing:**

Í byggingunni verða út-ljós og neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172, a.m.k. 0,5 lux í sölum.

**Slöngukerfi og slökkvitæki:**

Slöngukerfi skulu sett upp í húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Handslökkvitæki skulu staðsett samkvæmt teikningu, tíð 9L létvatn og 5 kg. kolsýra við rafmagnstöflur. Að öðru leyti skulu handslökkvitæki sett upp í samvinnu við slökkvilið á staðnum.

**Brunahani:**

Brunahani er staðsettur í 35-40m fjarlægð frá húsinu. Vatnsmagn brunahanans er Q tot. 1933 l/min.

**Brunaviðvörðunarkerfi:**


Viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi verður í allri byggingunni skv. reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð fyrir allt hverfið er í húsinu ásamt yfirlitsmynd. Við brunaboð skulu allar brunabjöllur hringja í húsinu og boð fara í viðurkennda stjórnstöð.

**Viðhald brunaviðvörðunarkerfis:**


Samkvæmt lögum ber húseigandi ábyrgð á brunavörnum í húsi sínu og að þær hljóti reglubundið eftirlit og viðhald. Gert er ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur um viðhald á neyðarlýsingu, brunaslöngum og handslökkvitækjum. Brunaviðvörðunarkerfi hússins er tengt beint við vaktstöð sem er innan girðingar geymslusvæðisins.

Núverandi aðaluppdrætti breytt í samráði við fyrri hönnuð Harald Árnason.

- SKÝRINGAR:**
- ⊕ Viðvörðunarbjöllur H-3000mm tengjast bjöllurás stjórnstöð brunavarna
  - ⊕ ÚT-ljós
  - NL.1 Neyðarljós H-3500mm Dual LED 2x1000lm kastari 2x6W
  - NL.2 Neyðarljós á loft BECHELLI Lunga Larga Luce utanáliggjandi ÚT-ljós og Neyðarljós tengast ljósagreinum viðkomandi rýma



Grunnmynd 2. hæðar 1:100



Grunnmynd 2. hæðar 1:100

*Þrituð á milli*  
29.11.2018  
*Sportu Loggissveit*

BREYTT	VERKEFNI Áhella 4A og B 221 Hafnarfirði	VERKHLUTI Viðvörðunarbjöllur Neyðarlýsing	MKV. 1:100
UNDIRSKRIFT <i>Andrés Magnússon</i>	DAGSETNING 27.11.2018	TEIKNAD ANDRÉS MAGNÚSSON 31038-3469 SÍMI: 555-2253 / 898-2253	TEIKN. 2 af 2
		VERKNR. 199	